



FRÉTTABRÉF

FRÁ SVEITARSTJÓRN

GLEÐILEGT NÝTT ÁR

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar sendir öllum bestu óskir um farsæld á nýju ári og þakkar fyrir það liðna. Hlökkum til að sjá ykkur í komandi verkefnum og viðburðum á árinu.



SVEITARSTJÓRNARFUNDIR

Frá síðasta fréttabréfi hafa farið fram þrjár fundir, þar af einn á nýju ári.

Á fundi nr. 410 voru tillögur að nöfnum á götur í Melahverfi III frá USNL samþykktar, nafn nýrrar götu neðan Bugðumels verði Holtamelur og nýrrar götu ofan Bugðumels verði Urðarmelur.



Seinni umræða fjárhagsáætlunar Hvalfjarðarsveitar 2025-2028 fór fram á fundi nr. 410, nánar um það síðar í fréttabréfinu. Til síðari umræðu var einnig samþykkt um fráveitur í Hvalfjarðarsveit og samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit.

Tilnefning frá Nemendafélagi Heiðarskóla um fulltrúa í Ungmennaráð Hvalfjarðarsveitar var samþykkt á sama fundi. Fulltrúarnir eru: Díana Ingileif Ottesen og Veronika Jara Heimisdóttir.

Á fundi nr. 411 var samþykkt að gengið yrði til samninga við lægstbjóðendur í gatnahönnun, lóðarblaða og hönnun fjarskiptalagna Melahverfis III.

Lægstbjóðendur voru Efla verkfræðistofa í gatnahönnun kr. 13.396.369,-, T.S.V. í gerð lóðarblaða kr. 1.860.000,- og Snerra ehf. í hönnun fjarskiptalagna kr. 1.941.478,-.

Á sama fundi var tekið fyrir erindi frá Jóhönnu G. Harðardóttur, Önnu G. Torfadóttur og Áskeli Þórisssyni þar sem þau óska eftir lausn frá störfum sínum sem fulltrúar í Öldungaráði. Orðið var við ósk þeirra og þakkar sveitarstjórn þeim kærlega fyrir þeirra störf og framlag í þágu ráðsins og eldri borgara í sveitarfélaginu.

Á fundi nr. 412 var samþykkt að stofnuð yrði ný deild, **Velferðar- og fræðsludeild** í því skyni að tryggja samfellda og samþætta þjónustu fyrir íbúa sveitarfélagsins. Með stofnun deildarinnar er stefnt að aukinni skilvirkni, bættri yfirsýn og samþættingu þjónustu sem tengist velferð og fræðslu. Innan hinnar nýju deildar mun starfa deildarstjóri ásamt tveimur starfsmönnum. Deildarstjóri verður Freyja Þöll Smáradóttir sem hefur gegnt starfi félagsmálastjóra hjá sveitarfélaginu frá árinu 2021. Frístunda- og menningarfulltrúi mun verða annar af tveimur starfsmönnum á nýrri deild, samþykkt var að ráða tímabundið, til eins árs, í allt að eitt stöðugildi á nýrri deild.

Í kjölfar gagnlegs og uppbyggilegs samtals og samstarfs við hlutaðeigandi aðila samþykkti sveitarstjórn að ráðast einnig í breytingar á nefndum samhliða stofnun nýrrar deildar. Breytingarnar fela í sér sameiningu Fjölskyldu- og frístundanefndar og Fræðslunefndar í eina nefnd, **Velferðar- og fræðslunefnd**. Markmið sameiningarinnar eru í samræmi við þau markmið sem liggja til grundvallar stofnun nýrrar deildar.

Á sama fundi var tekið fyrir erindi frá Félagi eldri borgara í Hvalfjarðarsveit þar sem samþykkt var að veita félaginu endurgjaldslaus afnot af Miðgarði til að halda opið hús á vegum FEBHV á mánudögum kl. 11-15 og annan hvern fimmtudag kl. 12-16, þegar húsið er laust.

Ýmis önnur mál, sem ekki er getið hér, hafa einnig verið tekin fyrir, sjá fundargerðir nefnda og sveitarstjórnar [hér](#).



FJÁRHAGSÁÆTLUN HVALFJARÐARSVEITAR 2025-2028

Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2025 ásamt þriggja ára áætlun 2026-2028 var samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 27. nóvember sl.

Um er að ræða áætlun til næstu fjögurra ára en í henni kveður við sama tón og undanfarin ár þar sem lagt er upp með uppbyggingu innviða í takt við framtíðarþarfir samfélagsins, huga að og sinna eðlilegu og nauðsynlegu viðhaldi eigna ásamt góðu þjónustustigi við íbúa.

Útsvar:

Álagningarhlutfall útsvars árið 2025 verður óbreytt frá fyrra ári eða 14,14%

Fasteignaskattur og lóðarleiga:

Álagningarhlutföll fasteignaskatts árið 2025 verða óbreytt frá fyrra ári en þau eru eftirfarandi:

- A-flokkur 0,36%
- B-flokkur 1,32%
- C-flokkur 1,65%

Lóðarleiga verður einnig óbreytt eða 1,0%.

Fasteignagjöld og aðrar gjaldskrár:

Nýjar gjaldskrár hafa verið samþykktar fyrir meðhöndlun úrgangs og fyrir fráveitu og meðhöndlun seyru. Nýafstaðið útboð á úrgangshirðu hafði blessunarlega ekki mikil áhrif á heildarkostnað við málaflökkinn en innleiðing þeirra laga sem tóku gildi í upphafi þessa árs og m.a. gera ríkari kröfur um flokkun úrgangs hafa einnig áhrif til breytinga á gjaldskránni. Nýsamþykkt gjaldskrá vegna meðhöndlunar seyru kveður á um breytingar árlegs rotþróargjalds þar sem gjald verður nú tengt stærð rotþróa og eru gjaldaflokkarnir samtals fjórir en eins og áður er árlegt rotþróargjald innheimt til tæmingar þriðja hvert ár.

Ofangreindum þjónustugjöldum er ætlað og þau eiga að standa undir raunkostnaði við málaflökka.

Aðrar gjaldskrár sveitarfélagsins, s.s. frístundar, ljósleiðara, hundahalds og leikskóla eru vísitölubundnar og hækka skv. því um komandi áramót.

Rekstur:

Rýnt var vel í reksturinn og forstöðufólk, í samstarfi við viðkomandi fagnefndir, fóru vel yfir alla kostnaðarliði m.t.t. raunþróunar þeirra auk þess sem einskiptisliðir yfirstandandi árs voru teknir út og nýir liðir settir inn fyrir komandi ár.

Viðhald:

Árið 2025 eru áætlaðar 55mkr. til viðhalds eigna sveitarfélagsins, hæsta fjárhæð til viðhalds í eignasjóði er áætluð til Heiðarskóla, 10,2mkr., til Hitaveitu 6,5mkr., til Skýjaborgar eru áætlaðar 5,2mkr., til Heiðarborgar 5,1mkr., til sundlaugarinnar á Hlöðum 4,7mkr. og lægri fjárhæðir til annarra eigna en líkt og áður er þess gætt að vel sé hlúð að öllum eignum í takt við þarfir hverju sinni.

Fjárfesting/framkvæmdir:

Framkvæmdaáætlun næsta árs gerir ráð fyrir samtals 933mkr. til fjárfestinga. Stærsta einstaka fjárfestingin er áframhaldandi bygging nýs íþróttahúss við Heiðarborg sem hófst á árinu en 770mkr. eru á framkvæmdaáætlun næsta árs til verkefnisins. Gert er ráð fyrir 80mkr. til áframhaldandi gatnagerðar í Melahverfi, eða 3. áfanga hverfisins, til undirbúningsvinnu að byggingu nýs leikskóla eru áætlaðar 35mkr., til áframhaldandi göngu- og reiðhjólástígagerðar 18mkr. og 20mkr. til opins svæðis í Krosslandi ásamt 10mkr. framlagi til fjárfestinga Vatnsveitufélags Hvalfjarðarsveitar.

Árið 2026 er gert ráð fyrir 704mkr. til fjárfestinga, árið 2027 eru 703mkr. og árið 2028 eru 123mkr.

Á næstu fjórum árum eru því ráðgerðir tæpir 2,5 milljarðar til framkvæmda í Hvalfjarðarsveit, til byggingu nýs íþróttahúss, hönnunar og framkvæmda við nýjan leikskóla, áframhaldandi gatnagerðar og göngu- og reiðhjólástígagerðar ásamt hlutdeild í kaupum dælubíls slökkviliðs og hlutdeild í vatnsveituframkvæmdum.

Helstu lykiltölur úr rekstri og efnahag árin 2026-2028, samantekið A og B hluti:

- Rekstrarafkoma á tímabilinu verður jákvæð öll árin á bilinu 139,5-191,6mkr. eða uppsafnað á tímabilinu 496,7mkr.
- Veltufé frá rekstri verður á bilinu 219,2-272,3mkr. á ári eða á bilinu 12,7-14,9% af rekstrartekjum, hæst 14,9% árið 2028 og lægst 12,7% árið 2027.
- Veltufjárhlutfall er áætlað 6,03 árið 2026, 2,79 árið 2027 og 3,68 árið 2028.

Skuldahlutfall er áætlað 9,4% árin 2025 og 2026, 9% árið 2027 og 8,9% árið 2028.



Framundan eru spennandi tímar í Hvalfjarðarsveit þar sem uppbygging er í fullum gangi. Áhersla verður áfram lögð á að ráðast í stór verkefni sem styrkja innviði sveitarfélagsins, viðhalda eignum og góðri þjónustu til íbúa.

Sveitarstjórn vill koma á framfæri innilegu þakklæti til starfsfólks á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, forstöðufólki og nefndarmönnum fyrir þeirra mikilvæga framlag, þátttöku og vinnu við gerð fjárhagsáætlunarinnar.



SAMSTARFSSAMNINGUR HVALFJARÐARSVEITAR VIÐ ÍA

Frá janúar 2022 hefur verið í gildi samstarfssamningur við Íþróttabandalag Akraness þar sem markmið Hvalfjarðarsveitar hefur verið að styðja við öflugt íþrótt-, forvarna- og félagsstarf sem fram fer innan Íþróttabandalags Akraness, hjá aðildarfélögum þess, fyrir samfélagið í Hvalfjarðarsveit.

Samningurinn tryggir að íbúar í Hvalfjarðarsveit eigi kost á að stunda hvers kyns starf sem fram fer innan Íþróttabandalagsins og aðildarfélaga þess, hvort sem um er að ræða íþrótt-, forvarna-, félagsstarf eða annað.

Greiðslur Hvalfjarðarsveitar skv. samningum eru tvíþættar, annars vegar er greitt á hvern íbúa sveitarfélagsins og hins vegar á hvern iðkanda með lögheimili í Hvalfjarðarsveit, fjárhæðir eru verðtryggðar og reiknaðar í janúar ár hvert.

Þegar litið er til þróunar framlagsins til Íþróttabandalagsins er afar gleðilegt að sjá að iðkendafjöldi eykst ár frá ári sem og heildargreiðsla til félagsins, sjá samantekt hér fyrir neðan.

	2022	2023	2024
Iðkendafjöldi í upphafi hvers árs	80	101	121
Hlutfallsleg aukning iðkenda milli ára		26%	20%
Heildargreiðsla til ÍA	3.717.500 kr.	4.798.620 kr.	5.678.413 kr.

Það er óskandi að iðkendum úr Hvalfjarðarsveit haldi áfram að fjölga enda er ástundun í félags- og íþróttastarfi ein besta forvörnin sem völ er á.

Hvalfjarðarsveit er stolt af því að styðja við öflugt og gott starf hjá Íþróttabandalagi Akraness.

Áfram ÍA



LEYFI TIL HVALVEIÐA - YFIRLÝSING FRÁ SVEITARSTJÓRN HVALFJARÐARSVEITAR

6. desember 2024

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar lýsir ánægju sinni með ákvörðun matvælaráðherra um að veita leyfi til hvalveiða, enda er leyfið í samræmi við gildandi lög nr. 26/1949 um hvalveiðar, sett af Alþingi og byggð á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar.

Fyrirsjáanleiki í þessari atvinnugrein, sem og öðrum, er nauðsynlegur og fagnar sveitarstjórn að hann hafi verið tryggður. Atvinnugreinin hefur umtalsverð bein og óbein fjárhagsleg áhrif fyrir íbúa og atvinnulíf sveitarfélagsins, sem og nærliggjandi svæða.

KJÖRFUNDUR

Kjörfundur í Hvalfjarðarsveit vegna Alþingiskosninga fór fram í Stjórnsýsluhúsinu við Innrimel 3 í Melahverfi laugardaginn 30. nóvember 2024.

Sveitarstjórn þakkar kjörstjórn kærlega fyrir þeirra störf.



Þingmenn Norðvesturkjördæmis eru eftirfarandi:

Ólafur Adolfsson (D)
Eyjólfur Ármannsson (F)
Arna Lára Jónsdóttir (S)
Ingibjörg Davíðsdóttir (M)
Stefán Vagn Stefánsson (B)
María Rut Kristinsdóttir (C).
Lilja Rafney Magnúsdóttir (F)

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar óskar nýkjörnum þingmönnum í Norðvesturkjördæmi innilega til hamingju með kjörið og hlakkar til komandi samstarfs, kjördæminu til heilla.



JÓLAGLEÐI Á VINAVELLI

Sunnudaginn 15. desember síðastliðinn fór fram vel heppnuð jólagleði á Vinavelli í Melahverfi í fallegu jólaveðri. Boðið var upp á heitt súkkulaði og piparkökur og jólasamsöng með Orra Sveini Jónssyni. Dansað var í kringum jólatréð og jólasveinarnir komu færandi hendi með jólanammipoka fyrir káta krakka.

Hvalfjarðarsveit þakkar öllum þeim sem mættu á viðburðinn kærlega fyrir komuna og er 9. og 10. bekk í Heiðarskóla færðar bestu þakkir fyrir að hafa tekið að sér að skipuleggja og halda utan um viðburðinn.



LENGRI OPNUN Í HEIÐARBORG

Frá og með 14. janúar 2025 verður boðið upp á lengri opnunartíma í Heiðarborg fyrir almenning.

Nýir opnunartímar:

- Mánudagar og miðvikudagar: 16:00 - 21:00
- Þriðjudagar og fimmtudagar: 14:00 - 21:00
- Laugardagar: 10:00 - 15:00

Aðstaða í boði:

- Innisundlaug og heitur pottur.
- Líkamsræktarsalur með nýjum tækjum.
- Íþróttasalur.

REKSTRARAÐILI ÓSKAST SUNDLAUGIN AÐ HLÖÐUM

Hvalfjarðarsveit auglýsir eftir aðila til að reka sundlaugina að Hlöðum sumarið 2025.

Rekstraraðili skal skv. nánara samkomulagi annast:

- Alla umsjón og ábyrgð á starfsemi sundlaugarinnar í júní, júlí og ágúst.
- Allt starfsmannahald, baðvörslu, afgreiðslu, þrif, auglýsingar, innkaup á rekstrarvörum, t.d. hreinlætisvörum s.s. klór og annað sem rekstrinum tengist.

Rekstraraðili skal ábyrgjast að starfsfólk er annast sundlaugarvörslu hafi lokið námskeiðinu Skyndihjálp og björgun fyrir starfsfólk sundstaða og geti uppfyllt skilyrði um reglur og öryggi á sundstöðum samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010.

Æskilegt er að starfsfólk hafi náð 20 ára aldri.

Umsókn um „Rekstur sundlaugarinnar að Hlöðum 2025“ skal skila fyrir miðvikudaginn 29. janúar nk. á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, 301 Akranes eða á netfangið hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is

Umsóknnum skal fylgja samantekt um umsækjanda m.a. fyrir störf, reynslu af rekstri og starfsmannahaldi.

Nánari upplýsingar í síma 433-8500 eða á netfangið hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is